

Fundur í ferðamálanefnd Fljótsdalshrepps

- Skriðuklaustri, 18.7.2019 kl. 18:15

Mætt: Ólöf Sæunn Valgarðsdóttir, Gunnar Gunnarsson, Brynjar Darri S. Kjerúlf og Skúli Björn Gunnarsson, gestur.

1. Fljótsdalsdagur 2019

Ormsteiti verður að þessu sinni haldið í september en ekki ágúst. Upphaf þess miðast við þann dag sem réttað verður í Melarétt og stendur til að hún verði hluti af dagskránni. Þetta vekur spurningu um stöðu Fljótsdalsdagsins, hvort hann eigi að fylgja inn í september með réttina sem þungamiðju eða vera sér eftir sem áður.

Nefndin er sammála um að halda Fljótsdalsdag í ágúst á helginni sem ber upp á 18. ágúst. Það gefur tækifæri til að dreifa viðburðum sem stundum hafa verið heldur þétt á fleiri daga.

Í kjölfarið voru ræddar ýmsar hugmyndir um daginn. Til dæmis að byrja á fyrirlestri eða umræðum í anda „fimmtudagskvöldu í Fljótsdal.“ Tala þarf við þau fyrirtæki sem verið hafa með opið hús, svo sem Skógarafurðir og Landsvirkjun og huga að föstum viðburðum svo sem Þrístarleikum og tónleikum á Skriðuklaustri.

Rætt um nýja sem eldri dagskrárliði svo sem veiðikeppni, kvöldvöku og smiðjur þar sem til dæmis yrðu bakaðar kleinur, unnið með ull eða prjónað. Samhliða því gæti verið hægt að vera með markað. Athuga þarf hvort Végarður sé laus þessa helgi.

Nefndinni hefur borist hvatning um að þýða dagskrá dagsins og dreifa á að minnsta kosti ensku á gististöðum í hreppnum og huga að móttöku forvitinna ferðamanna.

Rætt um samvinnu við aðra viðburði, til dæmis Vallanesdag sem yfirleitt hefur verið um leið og Fljótsdalsdaginn eða fyrirtæki á Hallormsstað eða í Upphéraðsklasa um áhuga á að tengjast Fljótsdalshelginni sem yrði þá Upphéraðshelgi. Minnst var á hjólakeppnina Tour de Ormínn sem haldin er helgina á undan. Ýmis samlegðaráhrif gætu verið í slíkri samvinnu.

Nauðsynlegt er að fá aðra að þessum umræðum sem fyrst, bæði hagsmunaaðila og samfélagsnefndina. Lagt til að halda slíkan fund þriðjudagskvöldið 23. júlí klukkan 20:00. Ólöf Sæunn tekur að sér að boða til fundarins. Eins tekur hún að sér að senda út skilaboð í hóp Fljótsdælinga á Facebook til að fá fram viðbrögð og hugmyndir tengdar Fljótsdalsdeginum.

2. Melarétt

Mat ferðamálanefndar að lokinni Melarétt í fyrra var að þar hefði tekist vel til með að gera meira úr réttardeginum. Þörf er að fara að huga að honum enda mun hann nú marka upphafið að Ormsteiti.

Rætt um hvernig efla megi markaðinn, bæði að reyna að fá fleiri til að vera með vörur og merkja hann betur. Með stærra tjaldi gætu viðskiptavinir Pilsvangs sest þar niður til að borða.

Nauðsynlegt er að byrjað sé að draga úr fjallskilahólfi á auglýstum tíma, ekki fyrr. Eins þarf að gera réttarhlé til að gefa annarri dagskrá dagsins andrými. Ræða þarf þessi mál við fjallskilanevnd og/eða réttarstjóra. Hugmynd að fá ákveðinn einstakling til að stjórna söng á réttinni.

Hugmyndir komu fram um fleiri viðburði, svo sem hafa húsdýr til sýnis, vera með hest til að leiða undir börnum og hrútasýningu eða hrútaþukl.

Í tengslum við mögulega komu Helga Björnssonar á Ormsteiti vaknaði hugmynd um að fá Reiðmenn vindanna til að spila á réttarballi. Þóknun hljómsveitarinnar og annar kostnaður sem fylgir er of hár í hús sem aðeins má hýsa 200 manna samkomu.

Fundi slitið 19:15

Gunnar ritaði fundargerð